



# Áhættustefna & Áhættustýringarstefna

Lífeyrissjóður bankamanna

# ÁHÆTTUSTEFNA - EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>SKILGREINING Á ÁHÆTTU OG SKIPULAG</b>	<b>4</b>
1.1	INNGANGUR	4
1.2	SKILGREINING Á ÁHÆTTU	4
1.3	ÁHÆTTUFLOKKUN	4
1.4	SKIPULAG ÁHÆTTUSTÝRINGAR	6
1.4.1	STJÓRN	6
1.4.2	FRAMKVÆMDASTJÓRI	6
1.4.3	ÁHÆTTUSTJÓRI	6
1.4.4	YTRI ENDURSKOÐANDI	7
1.4.5	SKOÐUNARMENN	7
1.4.6	ENDURSKOÐUNARNEFND	7
1.4.7	INNRI ENDURSKOÐUN	7
1.4.8	SKIPURIT	8
1.5	ÁHÆTTUVITUND	8
1.6	SAMSPIL ÁHÆTTUSTEFNU OG FJÁRFESTINGARSTEFNU	8
1.7	ÁHÆTTUVILJI OG ÁHÆTTUPÓL	9
1.8	AÐSKILNAÐUR MILLI STARFA	9
1.9	EIGIÐ ÁHÆTTUMAT	9
1.10	FRÁVIK FRÁ STEFNU	10
<b>2</b>	<b>ÁHÆTTUFLOKKAR</b>	<b>10</b>
2.1	VÆGÍ ÁHÆTTUÞÁTTA	10
2.2	LÍFEYRISTRYGGINGARÁHÆTTA	10
2.2.1	SKERÐINGARÁHÆTTA	10
2.2.2	IÐGJALDAÁHÆTTA	11
2.2.3	UMHVERFISÁHÆTTA	11
2.2.4	LÝÐFRÆÐILEG ÁHÆTTA	11
2.2.5	RÉTTINDAFLUTNINGSAHÆTTA	12
2.3	LAUSAFJÁRÁHÆTTA	12
2.3.1	SELJANLEIKAÁHÆTTA	12
2.3.2	ÚTSTREYMISAHÆTTA	12
2.4	MÓTAÐILAÁHÆTTA	13
2.4.1	ÚTLÁNAÁHÆTTA	13

2.4.2	SAMÞJÖPPUNARÁHÆTTA	13
2.4.3	LANDSÁHÆTTA	14
2.4.4	AFHENDINGARÁHÆTTA OG UPPGJÖRSÁHÆTTA	14
<b>2.5</b>	<b>FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA (MARKAÐSÁHÆTTA)</b>	<b>14</b>
2.5.1	VAXTA- OG ENDURFJÁRFESTINGAÁHÆTTA	14
2.5.2	UPPGREIÐSLUÁHÆTTA	15
2.5.3	VERÐBREYTINGARÁHÆTTA	15
2.5.4	GJALDMIÐLAÁHÆTTA	16
2.5.5	ÓSAMRÆMISÁHÆTTA	16
2.5.6	VERÐBÓLGUÁHÆTTA	16
2.5.7	ÁHÆTTA VEGNA EIGNA UTAN EFNAHAGSREIKNINGS	17
2.5.8	LOFTSLAGSÁHÆTTA	17
<b>2.6</b>	<b>REKSTRARÁHÆTTA</b>	<b>17</b>
2.6.1	STARFSMANNAÁHÆTTA	17
2.6.2	ÁHÆTTA VEGNA SVIKA	17
2.6.3	ÁHÆTTA VEGNA UPPLÝSINGATÆKNI	18
2.6.4	ORÐSPORSÁHÆTTA	18
2.6.5	PÓLÍTÍSK ÁHÆTTA, LÖG OG REGLUR	19
2.6.6	SKJALAÁHÆTTA	19
2.6.7	ÚRSKURÐARÁHÆTTA LÍFEYRIS	19
2.6.8	ÁHÆTTA VEGNA ÚTVISTUNAR	19
2.6.9	UPPLÝSINGAÁHÆTTA	20
<b>3</b>	<b>FRAMKVÆMD ÁHÆTTUSTÝRINGAR</b>	<b>20</b>
3.1	FYRIRBYGGJANDI OG VIRK ÁHÆTTUSTÝRING	21
3.2	VERKFERLAR	21
3.3	ÁHÆTTUSKRÁ OG ÁHÆTTUDAGSKRÁ	22
3.4	SKÝRSLUGJÖF	22
3.5	HLÍTINGARSKRÁ	22
	<b>UNDIRRITUN STJÓRNAR</b>	<b>23</b>
	<b>VIÐAUKI 1: HLÍTINGASKRÁ</b>	<b>24</b>
	<b>VIÐAUKI 2: YFIRLIT YFIR SKJÖL ÁHÆTTUSTÝRINGAR</b>	<b>25</b>
	<b>VIÐAUKI 3: ÁHÆTTUSKRÁ</b>	<b>26</b>
	<b>VIÐAUKI 4: DAGSKRÁ ÁHÆTTUSTÝRINGAR</b>	<b>30</b>

<b>VIÐAUKI 5: REGLUR OG VERKFERLAR</b>	<b>32</b>
<b>VERKFERILL – EIGIÐ ÁHÆTTUMAT</b>	<b>34</b>
3.6 MARKMIÐ MEÐ EIGIN ÁHÆTTUMATI	34
3.7 UMFANG	34
3.8 FÖRSENDUR	34
3.9 ÁBYRGÐ Á FRAMKVÆMD	35
3.10 FRAMKVÆMD	35
3.11 UMFJÖLLUN	35

# 1 SKILGREINING Á ÁHÆTTU OG SKIPULAG

---

## 1.1 INNGANGUR

---

Markmið áhættustefnu Lífeyrissjóðs Bankamanna er að auka öryggi í rekstri með því að greina og stýra áhættu í fjárfestingum, ásamt því að stuðla að því að lögum, reglum og samþykktum sjóðsins sé fylgt.

Stefna þessi nær bæði til áhættustefnu og áhættustýringarstefnu og byggir á leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2013, um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða sem og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Hér eftir er notast við áhættustefnu og nær það yfir hvorutveggja og er stefnan endurskoðuð árlega ásamt viðaukum.

Í áhættustefnu er meðal annars skilgreint skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, skilgreindir þeir áhættuþættir sem sjóðurinn vill fylgjast með og skilgreint hvernig hann muni fylgjast með þessum áhættuþáttum. Jafnframt er í viðauka áhættuskrá, þar sem farið er yfir alla áhættuþætti, hvenær og hvernig þeir eru mældir og þeir flokkaðir eftir mikilvægi.

## 1.2 SKILGREINING Á ÁHÆTTU

---

Áhætta er skilgreind sem öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma. Nær þessi áhætta bæði til atvika er lúta að eignum og skuldbindingum, þ.m.t. hættunnar á skerðingu eigna vegna fjárhagslegs taps.

## 1.3 ÁHÆTTUFLOKKUN

---

Áhættu sjóðsins er skipt í fjárhagslega áhættu (markaðsáhættu), mótaðilaáhættu, lífeyristryggingaráhættu, lausafjáraáhættu og rekstraráhættu. Nánari útlistun er eftirfarandi:

### **Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta)**

Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta) lýtur fyrst og fremst að fjárhagslegum atriðum í starfsemi sjóðsins, þ.e. hættu á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði liða innan og utan efnahagsreiknings, þar á meðal breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa. Þessi áhætta getur leitt til neikvæðra áhrifa á rekstur og/eða efnahag, bæði vegna aðgerða eða atburða innan sjóðsins eða utan hans. Neikvæð áhrif á rekstur og efnahag geta dregið úr möguleikum lífeyrissjóðsins til að framfylgja stefnu og markmiðum sínum.

Með fjárhagslegri áhættu er sér í lagi átt við áhættu þeirra eignaflokka sem verðbréfafrunnur sjóðsins er samsettur úr. Sjóðurinn er fyrst og fremst markaðsfjárfestir og eignir hans og áhætta er háð sveiflum á fjármálamörkuðum. Fjárhagsleg áhætta skiptist í eftirfarandi undirflokka:

- Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta
- Uppgreiðsluáhætta
- Verðbreytingaráhætta

- Gjaldmiðlaáhætta
- Ósamræmisáhætta
- Verðbólguáhætta
- Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings

### **Mótaðilaáhætta**

Mótaðilaáhætta er hættan á að mótaðilar eða milliliðir í viðskiptum, t.d. útgefendur skuldabréfa, sjóðfélagar, fyrirtæki og uppgjörshús, standi ekki í skilum (t.d. vegna gjaldþrots) eða að hæfni þeirra til greiðslu versni verulega. Samþjöppunar- og landsáhætta fellur undir mótaðilaáhattu, enda felur hún í sér hættuna á að margir mótaðilar lendi samtímis í vanefndum.

Mótaðilaáhætta greinist í eftirfarandi undirflokkum:

- Útlánaáhætta
- Samþjöppunaráhætta
- Landsáhætta
- Afhendingar- og uppgjörshúsáhætta

### **Lífeyristryggingaráhætta**

Með lífeyristryggingaráhattu er átt við hættuna á því að skuldbindingar sjóðsins vaxi umfram eignir og að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga.

Lífeyristryggingaráhætta skiptist í eftirfarandi undirflokkum:

- Skerðingaráhætta
- Iðgjaldaáhætta
- Umhverfisáhætta
- Lýðfræðileg áhætta
- Réttindaflutningsáhætta

### **Lausafjáraáhætta**

Með lausafjáraáhattu er átt við hættuna á að seljanleiki eigna sé takmarkaður sem og að ekki sé hægt að standa við greiðslur í krónum eða erlendum myntum, t.d. vegna lífeyrisskuldbindinga, vegna uppgjör samninga eða greiðslu rekstrarkostnaðar.

Lausafjáraáhattu er skipt í tvo flokka

- Seljanleikaáhætta
- Útstreymisáhætta

### **Rekstraráhætta**

Rekstraráhætta lítur fyrst og fremst að starfsemi lífeyrissjóðsins. Starfsemin skal lúta þeim reglum sem um hann eru settar í lögum og reglugerðum og eigin samþykktum og reglum sjóðsins (sjá m.a. kafla 3.2). Reksturinn skal vera skilvirkur þannig að sjóðurinn nái markmiðum sínum og honum skal stjórnað með heiðarleika, ráðvendni og góða starfshætti að leiðarljósi. Rekstrar- og umhverfisáhætta er að jafnaði skilgreind sem

hættan á tjóni vegna taps sem er afleiðing af ófullnægjandi eða ónothæfum innri verkferlum, starfsmönnum, upplýsingakerfum eða vegna ytri atburða.

Rekstraráhættu er skipt í eftirfarandi undirflokk:

- Starfsmannaáhætta
- Áhætta vegna svika
- Áhætta vegna upplýsingatækni
- Orðsporsáhætta
- Pólitísk áhætta / lög og reglur
- Skjalaáhætta
- Úrskurðaráhætta lífeyris
- Áhætta vegna útvistunar
- Upplýsingaáhætta

---

## 1.4 SKIPULAG ÁHÆTTUSTÝRINGAR

---

### 1.4.1 STJÓRN

---

Stjórn lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á að meðvitund sé um áhættuþætti sem tengjast fjárfestingum og rekstri lífeyrissjóðsins og að sett séu mörk til að takmarka umfang áhættu. Það gerir hún með því að móta og samþykkja áhættustefnu sjóðsins og sjá til þess að fullnægjandi áhættustýring sé ávallt fyrir hendi.

### 1.4.2 FRAMKVÆMDASTJÓRI

---

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu sjóðsins og að þróaðar séu aðferðir til að meta og stýra áhættu og að stjórn sé upplýst um umfang þeirrar áhættu sem er fyrir hendi. Þá ber framkvæmdastjóri einnig ábyrgð á að stefnan sé kynnt fyrir starfsfólki og að ábyrgðarsvið einstakra starfsmanna sem koma að áhættustýringu sé skýrt, að viðeigandi markmið séu sett og að eftirlit með áhættu sé fullnægjandi og skilvirkt. Framkvæmdastjóri tekur ákvarðanir um fjárfestingar og sér um framkvæmd fjárfestinga, innan þess ramma sem fjárfestingarreglur lífeyrissjóðsins setja honum, en jafnframt að undangengnu samþykki stjórnar í þeim tilvikum sem umfangið eða aðstæður krefjast þess eða hann sjálfur telur slíkt samráð æskilegt.

### 1.4.3 ÁHÆTTUSTJÓRI

---

Áhættustefna er sett að fengnum tillögum áhættustjóra en áhættustjóri ber ábyrgð á áhættueftirliti og áhættugreiningu í samræmi við ákvæði áhættustefnu og að upplýsa framkvæmdastjóra og stjórn að lágmarki ársfjórðungslega um niðurstöðurnar auk þess sem hann ber ábyrgð á reglulegri skýrslugjöf til innri og ytri eftirlitsaðila. Ef sjóðurinn notast við útvistun verkefna vegna áhættustýringu ber áhættustjóri ábyrgð á eftirliti með útvistunaraðila.

Áhættustjóri skal ávallt hafa beinan aðgang að stjórn telji hann þess þörf, en almennt skulu þó samskiptin eiga sér stað á þann hátt að tiltekinn tími á stjórnarfundum sé ætlaður til kynningar á niðurstöðum áhættustýringar þegar áhættustjóri gefur til kynna að þess sé þörf. Áhættustjóri situr þá þann hluta fundarins sem þarf til kynningar og/eða leggur fram

gögn. Jafnframt getur áhættustjóri gert tillögur að viðskiptum til að draga úr áhættu, sem síðan koma til ákvörðunar hjá stjórn og/eða framkvæmdastjóra.

---

#### 1.4.4 YTRI ENDURSKOÐANDI

---

Ytri endurskoðandi starfar í samræmi við starfskyldur ytri endurskoðanda og ber m.a. að gefa hlutlausa og áreiðanlega mynd af efnahag og afkomu sjóðsins, þ.m.t. að sannreyna verðmæti eigna og stöðu samninga. Hlutverk ytri endurskoðanda fellur ekki með beinum hætti undir skipulag áhættustýringar.

---

#### 1.4.5 SKOÐUNARMENN

---

Tveir skoðunarmenn eru hjá sjóðnum og eru þeir kosnir á ársfundi sjóðsins. Þeir koma mánaðarlega til sjóðsins og gera ítarlegar kannanir á ýmsum starfsþáttum sjóðsins. Nær sú könnun yfir iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, lífeyrisúrskurði, fjárfestingar, kostnaðarreikninga og bankareikninga sjóðsins. Skoðunarmenn skila árlegri skýrslu til stjórnar sjóðsins á fyrsta ársfjórðungi hvers árs.

---

#### 1.4.6 ENDURSKOÐUNARNEFND

---

Endurskoðunarnefnd starfar skv. 108 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, þar sem kveðið er á um að einingar tengdar almannahagsmunum skuli hafa endurskoðunarnefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur mönnum.

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
4. Mat á því hvort staða endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis sjóðsins sé í samræmi við lög og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

Nánari lýsing á hlutverki nefndar er í starfsreglum endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs bankamanna.

---

#### 1.4.7 INNRI ENDURSKOÐUN

---

Innri endurskoðandi starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglum nr. 687/2001 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

Innri endurskoðun aðstoðar stjórn sjóðsins við að meta og prófa þau innri eftirlitskerfi sem sjóðurinn hefur byggt upp í þeim tilgangi að lágmarka hættuna á að sjóðurinn nái ekki markmiðum sínum.


Innri endurskoðendur sjóðsins fara svo yfir að athugasemdum skoðunarmanna sé fylgt. Hvorutveggja er liður í því að draga úr rekstraráhættu sjóðsins.



Við innri endurskoðun er farið yfir skráningu iðgjalda, fjárfestingarstefnu, greiðslu lífeyris, innheimtu, lánveitingar, skýrsluskil til opinberra aðila og rekstrarkostnað.

#### 1.4.8 SKIPURIT

Hér að neðan má sjá skipurit sjóðsins.



#### 1.5 ÁHÆTTUVITUND

Sjóðurinn leggur áherslu á að starfsmenn hafi skilning á hlutverki sínu í heildar áhættustýringu sjóðsins og taki fullan þátt í henni. Í því samhengi þurfa allir starfsmenn, sem falla undir áhættustefnu sjóðsins, að skrifa undir yfirlýsingu um að þeir hafi lesið og skilið áhættustefnu og fjárfestingarstefnu sjóðsins.

#### 1.6 SAMSPIL ÁHÆTTUSTEFNU OG FJÁRFESTINGARSTEFNU

Samkvæmt 1.mgr. 36 gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal stjórn lífeyrissjóðs móta fjárfestingastefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Fjárfestingastefna sjóðsins gegnir mikilvægu hlutverki í áhættustýringu og er hluti af áhættustefnu hans, en stjórn sjóðsins setur þar starfsmönnum þar markmið og heimildir við fjárfestingar og skilgreinir áhættuvilja stjórnar og áhættuþol sjóðsins hvað varðar þá

áhættuþætti er falla undir lífeyristryggingaáhættu, fjárhagslega áhættu, mótaðilaáhættu og lausafjáraáhættu.

## 1.7 ÁHÆTTUVILJI OG ÁHÆTTUÞOL

---

Í reglugerð 590/2017 áhættuvilji skilgreindur sem sú áhætta sem stjórn sjóðsins er reiðubúin að taka og áhættuþol sjóðsins er skilgreint sem sú áhætta sem sjóðurinn þolir án þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða.

Áhættuvilji stjórnar og áhættuþol sjóðsins hvað varðar alla mikilvæga áhættuþætti er falla undir lífeyristryggingaáhættu, lausafjáraáhættu, mótaðilaáhættu og fjárhagslega áhættu er skilgreint í fjárfestingastefnu sjóðsins, sem er hluti af áhættustefnu sjóðsins. Raungerist áhætta vegna tiltekins áhættuþáttar þ.a. áhrifin verða umfram áhættuþol sjóðsins gerir framkvæmdastjóri stjórn grein fyrir stöðunni svo fljótt sem auðið er og stjórn tekur ákvörðun um viðbrögð.

Hvað varðar mikilvæga áhættuþætti á sviði rekstraráhættu er það vilji stjórnar að úr áhættu sé dregið eins og kostur er án þess að umfang rekstrar sé aukið að marki frá núverandi stöðu. Til að svo megi verða er m.a. lögð áhersla á að allir mikilvægir ferlar í starfsemi sjóðsins séu skjalfestir og að virkt eftirlit sé með hlýtingu þeirra, að hæfni starfsmanna sé fullnægjandi og að virkt eftirlit sé með starfsánægju og að útvistunaraðilar séu áreiðanlegir og undir virku eftirliti sjóðsins.

## 1.8 AÐSKILNAÐUR MILLI STARFA

---

Áhersla skal lögð á að hafa aðgreiningu á milli starfsmanna sem mæla áhættu í starfsemi sjóðsins og þeirra sem taka áhættu með ákvörðunum um fjárfestingar. Það er hlutverk framkvæmdastjóra og stjórnar að taka ákvarðanir um fjárfestingar, en hlutverk áhættustjóra að mæla og greina áhættu. Áhættustjóra er heimilt að koma að undirbúningsferli fjárfestingarákvarðana með öflun gagna, greiningu og álitsgerðum, en hann hefur ekki heimild til ákvarðanatöku. Hún liggur alfarið hjá framkvæmdastjóra innan ramma fjárfestingarreglna og hjá stjórn þegar fjárfestingarreglur sjóðsins krefjast þess. Í ljósi smæðar sjóðsins og til að auka rekstraröryggi eru kjörnir tveir skoðunarmenn sjóðsins til eftirlits með starfsemi hans, auk þjónustu innri og ytri endurskoðenda.

## 1.9 EIGIÐ ÁHÆTTUMAT

---

Í samræmi við III kafla reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, skal framkvæma eigið áhættumat a.m.k. árlega og hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins. Eigið áhættumat skal taka tillit til allra viðeigandi áhættuþátta, vera framsýnt og í samræmi við rekstur og stefnur lífeyrissjóðsins.

Skýrslu um eigið áhættumat skal kynna fyrir stjórn fyrir lok júní, þar sem framkvæmdastjóri fer einnig yfir helstu áhersluatriði á sviði áhættueftirlits og áhættustýringar og tillögur að breytingum á áhættustefnu ef þörf er á. Skýrslu um eigið áhættumat skal skila til FME fyrir lok júní ár hvert.

## 1.10 FRÁVIK FRÁ STEFNU

Áhættustjóri hefur daglegt eftirlit með fylgni sjóðsins við áhættustefnu og fjárfestingarstefnu. Þá skal áhættustjóri tafarlaust tilkynna öll frávik frá fjárfestingastefnu til framkvæmdastjóra, sem ákveður hvort tilefni sé til að upplýsa stjórn um viðkomandi tilvik. Þegar um er að ræða tilkynningaskyld frávik skal áhættustjóri að jafnaði sjá um að tilkynna Fjármálaeftirlitinu að beiðni framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri skal reyna eftir fremsta megni og svo fljótt sem auðið er, bregðast við og lágmarka skaða. Þá skal áhættustjóri tilkynna stjórn öll frávik sem hafa marktæk áhrif á rekstur í ársfjórðungslegum skýrslum til stjórnar.

Ef um alvarleg frávik er að ræða eða brot á skilgreindum mörkum áhættu skal tilkynna þau Fjármálaeftirlitinu innan 10 virkra daga. Einnig skal tilkynnt ef upp koma tilvik þar sem eftirlitskerfið tekur ekki með fullnægjandi hætti á skilgreindri áhættu sem lífeyrissjóðurinn telur geta haft áhrif á rekstur sjóðsins.

## 2 ÁHÆTTUFLOKKAR

### 2.1 VÆGI ÁHÆTTUÞÁTTA

Vægi áhættuþáttar er metið annars vegar með því að meta afleiðingar áhættuþáttar og hins vegar líkur á því að áhættuþáttur raungerist (virkni áhættuþáttar). Hvorutveggja er metið á kvarðanum 1-3 og heildarmat á vægi áhættuþáttar er margfeldi ofangreindra niðurstaðnanna. Taflan hér að neðan sýnir mögulega niðurstöðu mats, þar sem græn niðurstaða er túlkuð sem lítið vægi, gul sem miðlungs vægi og rauð sem mikið vægi.

	Líkur	Afar ólíklegt	Frekar ólíklegt	Frekar líklegt
Afleiðingar		1	2	3
Mjög lítlar	1	1	2	3
Miðlungs	2	2	4	6
Mikilar	3	3	6	9

Mat á vægi einstakra áhættuþátta kemur fram í viðauka 3.

### 2.2 LÍFEYRISTRYGGINGARÁHÆTTA

#### 2.2.1 SKERÐINGARÁHÆTTA

Hættan á að skuldbindingar vaxi meira en eignir og að skerða þurfi réttindi. Sjóðurinn styðst við hermanir þar sem reiknaðar eru líkur á að tryggingafræðileg staða fari undir skerðingarmörk og með álagsprófi tryggingastærðfræðings. Samkvæmt 39. gr. laga um lífeyrissjóði skal hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er lífeyrissjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt

tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfelt í fimm ár.

#### 2.2.1.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð árlega af tryggingastærðfræðingi, en auk þess er hún áætluð á ársfjórðungsfresti. Byggir sú áætlun á forsendum síðustu úttektar tryggingastærðfræðings, greiddum iðgjöldum tímabils (ný áunnin réttindi), greiddum lífeyri tímabils (greidd réttindi), verðbólgu tímabilsins og stöðu eignasafnsins hverju sinni. Þessi áætlun tekur ekki tillit til hugsanlegra breytinga á lýðfræðilegri stöðu sem kunna að eiga sér stað innan ársins, en gefur samt sem áður góða mynd af stöðu sjóðsins. Áætlunin er birt í ársfjórðungslagri skýrslu um fjárhagslega áhættu.

Í ársfjórðungslagri skýrslu um fjárhagslega áhættu eru líkur á því að skerðingarmörkum verði náð metnar með hermunum m.v. ólíkar sviðsmyndir og með álagsprófi. Hermunin byggir á gefnum forsendum um verðbólgu, gengi krónu og vænta ávöxtun eignaflokka sem og sögulegum gögnum um flókt þeirra og fylgni.

### 2.2.2 IÐGJALDAÁHÆTTA

Hættan sem stafar af miklum samdrætti í iðgjöldum. Sjóðurinn hefur eftirlit með þróun iðgjalda og lífeyris til að fylgjast með iðgjaldaáhættu en samdráttur í iðgjöldum getur stafað af fækkun sjóðfélaga og/eða lækkuð raunlauna. Snörp lækkuð á iðgjöldum getur haft áhrif á framreikning og leitt til þess að sjóðurinn uppfylli ekki lagaskilyrði um jafnvægi eigna og skuldbindinga og þurfi þ.a.l. að skerða réttindi óháð eignastöðu. Meta þarf nýliðun í sjóðnum og fylgjast með launaþróun og atvinnustigi til að meta iðgjaldaáhættu.

#### 2.2.2.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Að minnsta kosti árlega eru iðgjöld sjóðfélaga eftir aldri borin saman við iðgjöld fyrra árs.

### 2.2.3 UMHVERFISÁHÆTTA

Hættan á að neikvæð þróun í ytra umhverfi sjóðsins, þ. á m. félagslegar og hagrænar breytingar, auki lífeyrisþyrði sjóðsins. Stuðst er við greiningu og umfjöllun um opinberar upplýsingar varðandi stöðu stjórn mála, félagslegra aðstæðna, hagstærða og þróunar þeirra á starfssvæði sjóðsins eftir því sem við á hverju sinni við mat á umhverfisáhættu. Langvarandi atvinnuleysi eykur til að mynda líkur á örorku, sem hefur áhrif á lýðfræðilega áhættu. Hér undir flokkast einnig svokölluð kerfislæg áhætta, þ.e. hættan á að almennir erfiðleikar í lífeyriskerfinu eða erfiðleikar hjá öðrum lífeyrissjóðum hafi neikvæð áhrif á starfsemi sjóðsins.

#### 2.2.3.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Umhverfisáhætta er mæld árlega með greiningu á opinberum upplýsingum um stöðu stjórn mála, félagslegra aðstæðna og hagstærða, með áherslu á stöðu og þróun þessara þátta. Byggt er m.a. á mælingum og spá Seðlabankans varðandi hagstærðir og á mælingum Hagstofu Íslands, til dæmis á þróun langtíma atvinnuleysis. Jafnframt er horft til greininga helstu fjármálafyrirtækja og sjálfstæðra greiningaaðila á markaðnum.

### 2.2.4 LÝÐFRÆÐILEG ÁHÆTTA

Hættan á að lýðfræðileg samsetning sjóðfélaga breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir. Stuðst er við skýrslu tryggingastærðfræðings ásamt ársfjórðunglegu yfirliti yfir greiddan lífeyri við mat á lýðfræðilegri áhættu. Skv. 14. til 17. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um lífeyrissjóði ber tryggingafræðingum að meta lífs- og

örorkulíkur og líkur á að sjóðfélagi verði í sambúð og eignist barn. Aukist líkurnar vaxa skuldbindingar sjóðsins. Undanfarna tvo áratugi hafa skuldbindingar sjóðsins vaxið verulega með auknu langlífi og vaxandi örorkutíðni.

#### 2.2.4.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Árlega er stjórn sjóðsins kynnt þróun í nýgengi örorku hjá sjóðnum sem byggir á gögnum úr réttindakerfi sjóðsins. Jafnframt koma fram upplýsingar um hlutfall örorkulífeyris og samanburður við sama tímabil ársins á undan.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) skoðar þróun vænts lífaldurs skv. gögnum Hagstofu Íslands með reglubundnum hætti. Ef tilefni er til, ráðleggur FÍT fjármálaráðuneyti að gefa út nýjar lífslíkutöflur. Viðbrögð við auknum lífslíkum er sameiginlegt verkefni á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða, enda mikilvægt að lífeyrissjóðir bregðist við á samræmdan hátt.

### 2.2.5 RÉTTINDAFLUTNINGSÁHÆTTA

Hættan á að sjóðfélagar flytji réttindi sín.

#### 2.2.5.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er óheimilt að flytja réttindi úr sjóðnum.

## 2.3 LAUSAFJÁRÁHÆTTA

---

### 2.3.1 SELJANLEIKAÁHÆTTA

Seljanleikaáhætta felur í sér þá áhættu að ekki sé hægt að selja (eða kaupa) tiltekinn fjármálagerning á viðunandi verði með stuttum fyrirvara. Slíkt getur komið til vegna óvenjulegra markaðsaðstæðna en einnig vegna eiginleika viðkomandi fjármálagernings. Eftirlit með seljanleikaáhættu felst í að fylgjast með lausafé og hlutfalli auðseljanlegra verðbréfa á virkum markaði.

#### 2.3.1.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Sjóðurinn horfir á seljanleikaáhættu í samhengi við vænt greiðsluflæði sjóðsins. Miðað er við að laust fé og auðseljanlegar eignir séu ávalt nægar fyrir væntum útgjöldum sjóðsins næstu 2 mánuði. Niðurstaða mælinga kemur fram í ársfjórðungslegu yfirliti til stjórnar.

### 2.3.2 ÚTSTREYMISÁHÆTTA

Útstreymisáhætta er sú áhætta að ekki sé hægt að standa við greiðslur í krónum eða erlendum myntum, t.d. vegna lífeyrisskuldbindinga, vegna uppgjors samninga eða greiðslu rekstrarkostnaðar. Við mat á útstreymisáhættu er stuðst er við árlegt greiðsluflæði tryggingastærðfræðings auk þess sem í ársreikningi koma fram tölulegar upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, greiðslu lífeyris og iðgjöld, ásamt breytingum milli tímabila.

#### 2.3.2.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Sjóðurinn horfir á útstreymisáhættu í samhengi við vænt greiðsluflæði sjóðsins. Miðað er við að laust fé og auðseljanlegar eignir séu ávalt nægar fyrir væntum útgjöldum sjóðsins næstu 2 mánuði. Niðurstaða mælinga kemur fram í ársfjórðungslegu yfirliti til stjórnar.

## 2.4 MÓTAÐILAÁHÆTTA

---

### 2.4.1 ÚTLÁNAÁHÆTTA

Útlánaáhætta er hér skilgreind sem sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum eða vegna samninga sem fela í sér útlánaígildi (e. credit exposure). Útlánaáhætta er jafnan mæld með gjaldþolsprófi eða lánshæfismati á stærstu mótaðila í eignasafni. Aldursgreining vanskila og breyting á tryggingahlutföllum eru önnur dæmi um mat á útlánaáhættu. Skuldaraáhætta tengd sjóðfélagalánum getur til að mynda falist í því að mótaðili viðhaldi ekki veðandlagi eða rýri það með aðgerðaleyssi. Þá kann verðlækkun fasteigna að leiða til aukinnar skuldaraáhættu, svo dæmi sé tekið af greiningu á útlánaáhættu.

Útlánaáhætta ræðst annars vegar af líkunum á greiðslufalli og hins vegar af áætluðu endurheimtuhlutfalli. Endurheimtuhlutfallið ræðst af því hversu alvarlegt greiðslufallið er, þ.e. hvort það leiðir til fjárhagslegrar endurskipulagningar, greiðslustöðvunar eða gjaldþrots og hversu góðar tryggingar fyrir skuldinni eru.

#### 2.4.1.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Sjóðurinn lætur lánshæfismeta stærstu útgefendur í safni sínu árlega. Gerð lánshæfismats miðast að öllu jöfnu við að útgefandi vigti meira en 3% af hreinni eign sjóðsins. Ef einstakur útgefandi er með samning um lánshæfismat alþjóðlegra matsfyrirtækja, er notast við það mat. Einstakir útgefendur eru settir á athugunarlista fari þeir undir lágmarks lánshæfi, sem nú er skilgreint sem B- (m.v. flokkunarkerfi S&P). Það felur í sér að kannaðir eru sölumöguleikar eigna á viðkomandi útgefanda.

### 2.4.2 SAMÞJÖPPUNARÁHÆTTA

Samþjöppunaráhætta er skilgreind sem heildaráhætta eignasafns af tilteknum mótaðila og aðilum tengdum honum. Samþjöppunaráhætta felur þannig í sér samanlagða áhættu eigna og samninga sem annaðhvort eru útgefni af mótaðila eða fela í sér útlánaígildi á hann, þ.m.t. hlutabréf, skuldabréf, afleiður og aðrir fjármálagerningar. Í þessu sambandi er litið á tengda aðila sem sama aðilann, en tengdir aðilar teljast vera þeir aðilar sem eru:

- hluti af sömu samstæðu, þ.e. móðurfélög, dótturfélög, hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag
- tengdir vegna sterkra eigna-, stjórnunar- eða fjölskyldutengsla
- tengdir vegna mikillar innbyrðis fylgni, t.d. vegna sterkra viðskiptatengsla eða sérstakra markaðsaðstæðna

#### 2.4.2.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Sjóðurinn hefur sett sér viðmið og vikmörk um hámarksfjárfestingu í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni.

Í Eigin áhættumati er kynnt fyrir stjórn heildarstaða stærstu útgefanda og tengdra aðila, þegar horft er til undirliggjandi eigna, ásamt lánshæfismati. Í ársfjórðungslegri skýrslu til stjórnar er einnig kynnt eignasamsetning sjóðsins m.t.t. fjárfestingastefnu og laga. Auk þess kynnir framkvæmdastjóri reglulega fyrir stjórn samsetningu eignasafns í heild og ávöxtun eigna.

Markmið sjóðsins varðandi atvinnugreinaskiptingu er að atvinnugreinaskipting hlutabréfasafnsins taki mið af samsetningu viðmiðunarvísitalna. Erlend hlutabréfaeign skal taka mið af skiptingu MSCI World Total return og Innlend hlutabréfaeign skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu Nasdaq OMXI All-Share. Þar sem afar fá félög eru skráð í kauphöllina á Íslandi eru þó ekki sett vilmörk um skiptinguna.

### 2.4.3 LANDSÁHÆTTA

Hættan á að fjárfestingar lífeyrissjóðsins séu of tengdar einu landi eða landsvæði. Landsáhætta er víðtækari en pólitísk áhætta og nær til fjölmargra þátta sem einkenna einstök landsvæði, t.d. gjaldeyrisstefnu, hagvöxts, ríkisfjármála og líka á átökum á atvinnumörkuðum, borgarastríði eða stríði á milli nærliggjandi landa. Skattalegt umhverfi og samkeppnislöggjöf eru einnig þættir sem horft er til, ásamt almennu lagaumhverfi og verndun eignarréttar. Fjöldmörg matsfyrirtæki bjóða upp á landsáhættumat og birta reglulega lista yfir lönd sem raðað er upp eftir áhættu.

#### 2.4.3.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Stærstur hluti eigna sjóðsins er í innlendum verðbréfum. Því er fylgst mjög náið með aðstæðum á innlendum markaði. Erlendar eignir sjóðsins eru mjög dreifðar á landsvæði, en þó aðallega á Evrópu og Bandaríkin. Fylgst er með efnahagsþróun á þessum svæðum og í ársfjórðungslegu yfirliti til stjórnar er farið yfir þróun og horfur á mörkuðum.

### 2.4.4 AFHENDINGARÁHÆTTA OG UPPGJÖRSÁHÆTTA

Afhendingaráhætta er sú áhætta að uppgjör viðskipta sé ekki í samræmi við fyrirmæli, t.d. vegna þess að mótaðili afhendir ekki verðbréf eða greiðslu. Afhendingaráhætta er einnig skilgreind sem sú áhætta að eignir tapist vegna gjaldþrots (eða greiðslufalls) vörsluaðila, þ.e. þegar eignir sjóðsins eru í vörslu 3ja aðila. Mikilvægt er að ganga úr skugga um það að sérgreind söfn eða eignir í verðbréfasjóðum séu fjárhagslega óháðar vörsluaðila og að vörsluaðili sé traustur.

#### 2.4.4.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Sjóðurinn gerir kröfu um að allir vörsluaðilar verðbréfa sjóðsins séu eftirlitsskyldir aðilar og að uppgjör viðskipta séu eingöngu gerð með milligöngu eftirlitsskyldra aðila.

Erfitt er að mæla afhendingar- og uppgjörshættu, en hún er lágörkuð með ofangreindum aðgerðum sem og tryggum innri eftirlitsferlum.

## 2.5 FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA (MARKAÐSÁHÆTTA)

---

### 2.5.1 VAXTA- OG ENDURFJÁRFESTINGAÁHÆTTA

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Sjóðurinn mælir næmni eignasafns gagnvart vaxtabreytingum en ef vextir hækka getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum. Ef vextir lækka getur það leitt til lægri kaupkröfu nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga (endurfjárfestingaráhætta). Þessari áhættu er hægt að stýra með hlutfalli fastra vaxta og breytilegra, uppgreiðanlegra skuldabréfa og óuppgreiðanlegra, líftíma skuldabréfa og hlutfalli skuldabréfa í safni sjóðsins.

### 2.5.1.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Ársfjórðungslega er skuldabréfasafn sjóðsins greint m.t.t. þess hvort bréf eru verðtryggð eða óverðtryggð, hver kaupkrafa þeirra er og hver meðaltími þeirra er. Þessi greining er sett fram fyrir einstaka flokka skuldabréfa (ríkisskuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga, skuldabréf banka, fasteignatryggð bréf, önnur verðbréf, sem aðallega eru skuldabréf fyrirtækja og skuldabréf í erlendri mynt). Í kjölfarið er í ársfjórðungslegri skýrslu um fjárhagslega áhættu framkvæmd næmnigreining sem sýnir áhrif hækkunar/lækkunar vaxta um 1% á virði eignasafns. Þessi næmnigreining er sett fram fyrir verðtryggð skuldabréf, óverðtryggð skuldabréf og skuldabréf í erlendri mynt auk þess sem bæði eru mæld áhrif af breytingu við einstaka líftíma og af hliðrun á vaxtaferlum í heild.

### 2.5.2 UPPGREIÐSLUÁHÆTTA

Sum skuldabréf eru með uppgreiðsluheimild, sem felur í sér uppgreiðsluáhættu fyrir sjóðinn. Hættan er sú að skuldabréf verði greidd upp fyrir lokagjalddaga og að lífeyrissjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem gert var ráð fyrir. Uppgreiðsluáhætta er nátengd vaxtaáhættu, þ.e. ef vextir lækka, eykst hættan á uppgreiðslu bréfa með slíka heimild. Samkvæmt reglum sem Félag Íslenskra Tryggingastærðfræðinga (FÍT) hefur gefið út er uppgreiðsluáhætta skilgreind sem líkur á að uppgreiðslur vaxi eftir því sem munur á vöxtum skuldabréfa og markaðsvöxtum er meiri. Þegar verðmæti uppgreiðsluhæfra skuldabréfa með föstum vöxtum er metið í tryggingafræðilegri úttekt skal samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða „taka tillit til þess til lækkunar mats í samræmi við reglur gefnar út af Félagi Íslenskra Tryggingastærðfræðinga“.

#### 2.5.2.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Haldið er utan um uppgreiðslueiginleika skuldabréfa í verðbréfakerfi sjóðsins og ársfjórðungslega er tekið saman yfirlit yfir uppgreiðsluþróun ásamt hlutfalli uppgreiðanlegra skuldabréfa í eignasafni og kynnt fyrir stjórn.

### 2.5.3 VERÐBREYTINGARÁHÆTTA

Hætta á lækkun markaðsvirðis verðbréfa með breytilegar tekjur, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða. Stuðst er við VaR (e. Value at Risk) og flökt (staðalvik) á verðbreytingaáhættu, en einnig sviðsmyndagreiningu.

#### 2.5.3.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Við útreikninga á fjárhagslegri áhættu í ársfjórðungslegri skýrslu er eignasamsetning nálgueð með safni markaðsvísitalna, sem endurspeglar ávöxtun og áhættu mismunandi flokka verðbréfa (vísitölur með 1, 5 og 10 ára meðaltíma fyrir verðtryggð/óverðtryggð skuldabréf, innlendar/erlendar vísitölur hlutabréfa og skuldabréfa, vísitölur innlendra/erlendra framtaks, fasteigna, hrávöru og vogunarsjóða). Þessi gögn eru síðan notuð til að reikna vænta ávöxtun og áhættu (flökt) m.v. söguleg gögn, forsendur um vænta ávöxtun til framtíðar og spá um gengi krónu og verðbólgu.

Spálíkanið skilar niðurstöðu um vænta nafn- og raunávöxtun safnsins sem og vænta lægstu líklegu nafnávöxtun (VaR (e. Value at Risk), Líkanið gefur einnig líkindadreifingu fyrir tryggingafræðilega stöðu m.v. ólíkar sviðsmyndir um þróun undirliggjandi áhættuþátta, byggða á hermunum.



## 2.5.4 GJALDMIÐLAÁHÆTTA

Hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla (t.d. styrking ISK) rýri verðmæti eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Gjaldmiðlaáhætta er mæld með hlutfalli erlendra eigna, VaR fyrir gjaldmiðla, hermunum byggðum á sviðsmyndum um þróun gengis og álagsprófi. Samkvæmt 6. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 skal lífeyrissjóður takmarka þessa áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign sjóðsins. Þessari áhættu er hægt að stýra með framvirkum samningum og valréttum. Stýring þessarar áhættu felst í stýringu á hlutfalli erlendra eigna í eignasafni sjóðsins og hlutfalli annarra eigna sem sýna fylgni við gengi íslensku krónunnar.

### 2.5.4.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Í mánaðaryfirliti til stjórnar er gjaldmiðlasamsetning sjóðsins borin saman við viðmið og vikið. Ársfjórðungslega er gjaldmiðlasamsetning eignasafnsins greind og reiknuð næmni gagnvart gengisbreytingum og gerðar sviðsmyndir byggðar ár hermunum sem sýna áhrif þróunar helstu gjaldmiðla (EUR, USD) á þróun tryggingafræðilegrar stöðu.

## 2.5.5 ÓSAMRÆMISÁHÆTTA

Hættan á ósamræmi í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegar. Ósamræmisáhætta er afleidd áhætta, þ.e. hættan á að eignir og skuldbindingar sjóðsins þróist ekki með sambærilegum hætti t.d. vegna mikillar verðbólgu, óhagstæðrar gengisþróunar eða lítillar ávöxtunar eigna og leiði þannig til versnandi tryggingafræðilegrar stöðu.

Dæmi um áhættuþátt er verðtrygging. Lífeyrisréttindi eru verðtryggðar skuldbindingar, en eignasafn er sjaldnast verðtryggt að fullu. Ýmsar eignir hafa þó eiginleika óbeinnar verðtryggingar. Álagspróf eða næmnipróf eru dæmigerð próf fyrir ósamræmi eigna og skuldbindinga þar sem leitast er við að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem eru sameiginlegir í báðum tilvikum.

### 2.5.5.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Reiknaðar eru líkur á að tryggingafræðileg staða fari undir skerðingarmörk, með hermunum, m.v. ólíkar sviðsmyndir og með álagsprófi sem kynnt er fyrir stjórn í ársfjórðungslegri skýrslu um fjárhagslega áhættu. Þar sem ósamræmisáhætta er afleidd áhætta tengist óhagstæð þróun öðrum áhættuþáttum sem um er fjallað í þessari skýrslu og er vísað til þeirrar umfjöllunar.

## 2.5.6 VERÐBÓLGUÁHÆTTA

Verðbólguáhætta er sú hættu að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun óverðtryggðra eigna. Þessari áhættu er t.d. hægt að stýra með verðtryggingarhlutfalli eignasafns og verðbólguafleiðum.

### 2.5.6.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Í ársfjórðungslegri skýrslu um fjárhagslega áhættu er hlutfall verðtryggðra eigna mælt og borið saman við viðmið. Í skýrslunni er einnig framkvæmt álagspróf þar sem áhrif af hækkun á vísitölu neysluverðs á tryggingafræðilega stöðu er metin og mismunandi sviðsmyndir fyrir þróun verðbólgu skoðaðar með hermunum.

## 2.5.7 ÁHÆTTA VEGNA EIGNA UTAN EFNAHAGSREIKNINGS

Hættan á breytingum á undirliggjandi eignum eða skuldbindingum utan efnahags. Dæmi um skuldbindingar utan efnahags eru skuldbindandi samningar um greiðslur í framtakssjóði og afleiðusamningar.

### 2.5.7.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Sjóðnum er heimilt að gera afleiðusamninga til að draga úr áhættu. Markaðsvirði afleiðusamninga má ekki fara yfir 10% af hreinni eign og ekki umfram 5% af hreinni eign á móti einum mótaðila. Séu afleiðusamningar til staðar er staða þeirra tekin saman ársfjórðungslega byggt á útreikningum mótaðila og kynnt fyrir stjórn.

Ársfjórðungslega er heildarskuldbinding vegna samninga um fjárfestingu sjóðsins í fagfjárfestingasjóðum tekin saman og kynnt fyrir stjórn.

## 2.5.8 LOFTSLAGSÁHÆTTA

Loftslagsáhætta skiptist í raunlæga áhættu og umbreytingaráhættu. Raunlæg áhætta snýr að beinum afleiðingum loftslagsbreytinga, svo sem aukinni tíðni og alvarleika veðurfarsatburða sem geta haft neikvæð áhrif á verðmæti fasteigna, innviða og fyrirtækja. Umbreytingaráhætta felur í sér áhættu vegna breytinga á regluverki, tækni og markaðsaðstæðum í kjölfar aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

### 2.5.8.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Með því að fylgjast með þróun loftslagsbreytinga og nýjum reglugerðum getur lífeyrissjóðurinn minnkað áhrifin með því að velja fjárfestingakosti sem eru minna viðkvæmir fyrir loftslagsbreytingum. Fjallað er um loftslagsáhættu í Eigin áhættumati ár hvert þar sem lagt er huglægt mat á árhif loftslagsáhættu og aðgerða gegn henni á sjóðinn.

## 2.6 REKSTRARÁHÆTTA

---

### 2.6.1 STARFSMANNAÁHÆTTA

Almenn hættu á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika. Kerfisbundin þjálfun starfsmanna og afleysingarmanna eru dæmi um aðgerðir til að draga úr slíkri áhættu.

#### 2.6.1.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Starfsmenn hafa greiðan aðgang að framkvæmdastjóra auk reglulegra starfsamannaviðtala auk þess hefur sjóðurinn samning við trúnaðarlækni, sem starfsmenn hafa aðgang að sér að kostnaðarlausu.

Fylgst er með starfsmannaáhættu með skráningu rekstrarfrávika og kynnt er fyrir stjórn ársfjórðungslega.

### 2.6.2 ÁHÆTTA VEGNA SVIKA

Hætta á svikum sem valda sjóðnum fjárhagslegu tjóni. T.d. gæti verið um svik starfsmanna eða peningabætti að ræða. Aðskilnaður starfa og kerfislægar aðgangstýringar eru dæmigerð viðbrögð við mögulegri sviksemi, ásamt afstemmingum á reikningum og almenntri eignatalningu.

#### 2.6.2.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Til að draga úr áhættu vegna sviksemi eða mistaka leggur sjóðurinn áherslu á að stjórnendur leiði með góðu fordæmi, starfsandi sé góður og áhættumenning innan sjóðsins sé heilbrigð og tryggi góða meðvitund um mögulegar hættur í þessu efni.

Sjóðurinn leggur áherslu á aðgreiningu starfa, skýr starfs- og ábyrgðarsvið og öflugar aðgangsstýringar að upplýsingakerfum og starfsstöðvum og vernd upplýsinga.

Meðal annars til að draga úr áhættu á sviksemi og tryggja framfylgd ofangreindra atriða hefur sjóðurinn sett sér öryggisstefnu og gæðahandbók.

Ítarleg frávíkaskráning vegna atvika í rekstri er á verksviði áhættustjóra og niðurstöður hennar eru kynntar stjórn í ársfjórðungslegri skýrslu.

### 2.6.3 ÁHÆTTA VEGNA UPPLÝSINGATÆKNI

Hér undir fellur bæði áhætta vegna vélbúnaðar og hugbúnaðar. Vél- og hugbúnaður sem lífeyrissjóðir nota í daglegum rekstri þarf að standast kröfur staðla um upplýsingaöryggi og til staðar þurfa að vera viðbúnaðaráætlanir sem tryggja áframhaldandi rekstur ef upplýsingakerfi sjóðsins verður óvirkt.

#### 2.6.3.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Hugtakið öryggiskerfi vísar í safn öryggisskjala, sem þarf að vera til staðar hjá eftirlitsskyldum aðilum. Öryggiskerfi felur í sér öryggiskröfur, ráðstafanir, öryggisstefnu, verklagsreglur, áhættumat, neyðaráætlun og verkefnislista er lýsir framkvæmd verkefna á sviði upplýsingatækni.

Unnin er skýrsla í samræmi við viðmiðunarreglur EIOPA um áhættu og öryggi vegna upplýsinga- og samskiptatækni og stjórnarhætti þeim tengdum (EIOPA/BoS/20/600). Farið er yfir öryggishandbók sjóðsins, verklagsreglur, sem og áhættumat sjóðsins vegna reksturs og notkunar upplýsingakerfa. Jafnframt er farið yfir bókanir í frávíkaskrá, fundi með þjónustuaðilum og aðra slíka þætti.

Til viðbótar við ofangreint er haldið utan um öll frávík og þau tekin saman í ársfjórðungslegri skýrslu til stjórnar. Þá eru frávík í rekstri upplýsingakerfa tilkynnt til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við Öryggis og ICT stefnu sjóðsins.

### 2.6.4 ORÐSPORSÁHÆTTA

Hættan á fjárhagslegu tjóni vegna þess að orðspor lífeyrissjóðs hefur beðið hnekki. Fylgst er með orðsporsáhættu með skráningu frávika. Orðsporsáhætta og iðgjaldaáhætta er tengdar að því leyti, að ef lífeyrissjóður fær á sig slæmt orð getur það leitt til þess að iðgjöld dragast saman vegna lélegrar nýliðunar. Þá getur slæmt orðspor leitt til þess að réttthafar séreignar flytji réttindi sín til annara sjóða sem getur aukið lausafjár- og seljanleikaáhættu.

#### 2.6.4.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Til að meta orðsporsáhættu er t.d. hægt að framkvæma viðhorfskannanir. Sjóðurinn hefur ekki kannað viðhorf gagnvart sjóðnum sérstaklega, en Landssamtök lífeyrissjóða (LL) hafa framkvæmt viðhorfskannanir undanfarin ár fyrir lífeyriskerfið í heild.

## 2.6.5 PÓLÍTÍSK ÁHÆTTA, LÖG OG REGLUR

Áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðsins, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Fylgst er með áhættunni með skráningu frávíka. Undir þetta falla breytingar á lögum eða reglum um starfsemina eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjorsreglum, skattalögum, lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, eftirliti og eftirlitsreglum, heimildum til fjárfestinga o.s.frv. Undir þessa áhættu flokkast yfirleitt einnig tjón sem kann að verða vegna þrýstings frá stjórnvöldum, félagasamtökum, þrýstihópum eða öðrum aðilum sem geta haft neikvæð áhrif á starfsemina, t.d. orðspor hennar, eða dregið úr möguleikum sjóðsins á að haga sínum málum eftir eigin stefnu. Erfitt er að setja mælikvarða á pólitíska áhættu, en mikilvægt að fylgjast með þróun mála og reyna að hafa áhrif þar á. Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða er mikilvægt í þessu samhengi.

### 2.6.5.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Áhrif einstakra stjórnvaldsaðgerða (lagasetningar) geta verið mælanleg. Þegar þörf krefur gerir sjóðurinn greiningu á áhrifum núverandi eða nýrra laga.

## 2.6.6 SKJALAÁHÆTTA

Undir þennan flokk falla brot á ákvæðum laga, reglugerða eða opinberra fyrirmæla, brot á samningum (samningsáhætta), ófullnægjandi samningsgerð (skjalaáhætta) og ófullnægjandi undirbúningur dómsmála. Fylgst er með áhættunni með skráningu frávíka. Þá má einnig nefna aðgerðir dómstóla og stjórnvalda, t.d. beitingu sekta eða að túlkun skilmála eða samþykktar verði á annan hátt en sjóðurinn gerir ráð fyrir.

### 2.6.6.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Sjóðurinn er í samningssambandi við lögfræðistofu og lætur lögfræðinga lesa yfir drög að flestum samningum sem gerðir eru. Sérfræðingar á sviði upplýsingatækni eru jafnframt fengnir til ráðgjafar vegna samninga á því sviði.

## 2.6.7 ÚRSKURÐARÁHÆTTA LÍFEYRIS

Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum. Fylgst er með áhættunni með skráningu frávíka. Kerfisbundin villa í úrskurði lífeyris sem er í ósamræmi við samþykktir lífeyrissjóðsins getur gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins og leitt til endurkrafna. Þá getur túlkun samþykktar falið í sér áhættu.

Lífeyrisúrskurðir byggja á upplýsingum úr réttindakerfi sjóðsins. Allir úrskurðir eru yfirfarnir af starfsmönnum sjóðsins samkvæmt samþykktu eftirlitsferli sem tilgreint er í gæðahandbók.

### 2.6.7.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Mánaðarlega eru allir nýjir úrskurðir yfirfarnir af skoðunarmönnum kjörnum af sjóðfélögum.

## 2.6.8 ÁHÆTTA VEGNA ÚTVISTUNAR

Ástæður útvistunar einstakra starfspáttar geta verið fjölbreyttar m.a. til að fá samanburð eða samkeppni við eigin starfsemi. Eftirlit með úthýsingu þarf þó að vera virkt og áhættan sem henni getur fylgt er skráð í frávikaskrá. Algengustu ástæður úthýsingar eru þó

hagrænar, þ.e. að draga úr kostnaði. Úthýsingu fylgir ýmiss konar áhætta sem hafa þarf í huga, s.s.:

- minni yfirsýn,
- minni aðgangur að verkferlum og skipulagi,
- úthýsingaraðili uppfyllir ekki samninga,
- starfsmenn úthýsingaraðila lúta ekki boðvaldi eða verkstjórn sjóðsins, þótt þeir gegni mikilvægum störfum fyrir það,
- hæfni starfsmanna úthýsingaraðila er ófullnægjandi,
- fjárhagsstaða úthýsingaraðila er ófullnægjandi, ekki er nægjanlegt eftirlit með starfsemi úthýsingaraðila og tók á slíku eftirliti eru takmörkuð,
- samningar taka ekki á gjaldþroti úthýsingaraðila,
- uppsagnarfrestur er ekki nægilega skýr þegar úthýsingaraðili er ekki að standa sig,
- áætlanir um rekstrarsamfellu hafa ekki verið gerðar til að tryggja rekstrarsamfellu ef úthýsingaraðili stendur ekki við skuldbindingar sínar eða árangur hans er ófullnægjandi,
- áætlanir úthýsingaraðila um rekstrarsamfellu og viðbrögð við áföllum hafa ekki verið könnuð
- úthýsingaraðili misfer með trúnaðarupplýsingar.

Sjóðurinn hefur Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 6/2014, um útvistun að leiðarljósi við gerð útvistunarsamninga. Auk þess er tekið tillit til leiðbeinandi tilmæla FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa.

#### 2.6.8.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Áhættustjóri kannar reglulega, eigi sjaldnar en árlega, hlýtingu útvistunaraðila og skráir og tilkynnir frávik til framkvæmdastjóra.

### 2.6.9 UPPLÝSINGAÁHÆTTA

Hætta á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum. Fylgst er með áhættunni með skráningu frávíka. Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 um lífeyrissjóði skal senda sjóðfélögum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum. Fáí sjóðfélagar þessi yfirlit ekki reglulega eða ef upplýsingar eru rangar í yfirlitum getur það skapað tjónsábyrgð vegna sjóðfélaga sem ekki gátu brugðist við innan tímaramma laga um ábyrgðasjóð launa. Þá kunna rangar upplýsingar um samsetningu séreignaleiða eða fjárfestingastefnu þeirra að valda sjóðnum tjóni og ímyndarskaða.

#### 2.6.9.1 AÐFERÐIR OG FORSENDUR MÆLINGA

Áður en að yfirlit eru send sjóðsfélögum eru prufueintök yfirfarin af starfsfólki sjóðsins til yfirlestrar. Ef í ljós koma atriði sem krefjast lagfæringar, er þeim upplýsingum komið til veiðegandi aðila, til dæmis þjónustuaðila hugbúnaðar sjóðsins.

## 3 FRAMKVÆMD ÁHÆTTUSTÝRINGAR

---

Framkvæmdastjóri sjóðsins ber yfirábyrgð á framkvæmd heildaráhættustýringar. Heildaráhættustýring felur í grófum dráttum í sér þrjú viðfangsefni:

1. Áhættueftirlit.
2. Áhættugreiningu.
3. Áhættustýringu (viðbrögð við áhættu).

Áhættustjóri ber ábyrgð á framkvæmd áhættueftirlits og áhættugreiningar, en framkvæmdastjóri og stjórn sjóðsins bera ábyrgð á ákvörðunum um aðgerðir til að draga úr áhættu<sup>1</sup>.

### 3.1 FYRIRBYGGJANDI OG VIRK ÁHÆTTUSTÝRING

---

Við áhættustýringu sjóðsins er stuðst við fyrirbyggjandi ráðstafanir og virka áhættustýringu. Rétt er að hafa í huga að áhætta þarf ekki að vera slæm fyrir sjóðinn og að í vissum tilvikum er æskilegt að taka tiltekna áhættu í því skyni að auka ávöxtun og bæta tryggingafræðilega stöðu.

Fyrirbyggjandi ráðstafanir í áhættustýringu eru m.a.:

- Þau viðmið sem sett eru um eignaflokka í fjárfestingarstefnu sjóðsins
- Skýrslur til stjórnar um ávöxtun og fjárhag sjóðsins
- Umfjöllun og greiningu á áhættuflokkum
- Verkferla og verklagsreglur sjóðsins
- Þjálfun og símenntun starfsfólks sjóðsins

Virk áhættustýring felur m.a. í sér:

- Reglulegar mælingar og skýrslugjöf
- Aukalegar úttektir
- Vöktun á tilteknum áhættuflokkum
- Sviðsmyndagreiningu
- Viðbrögð við frávikum

### 3.2 VERKFERLAR

---

Lífeyrissjóður bankamanna hefur innleitt verkferla sem lúta að framkvæmd og eftirliti ýmissa verkþátta í starfsemi lífeyrissjóðsins, m.a. verkferla fyrir iðgjöld, lífeyri, fjárfestingar, rekstrarkostnað, fjárhagsbókhald og upplýsingakerfi. Þar kemur m.a. fram hver er ábyrgur fyrir einstökum verkþáttum og hvernig eftirliti með þeim skuli háttað. Unnið er eftir þessum verkferlum og eru þeir í stöðugri endurskoðun.

Utan um verkferla er haldið í Gæðahandbók sjóðsins og er hún hluti af áhættustýringu hans.

Sérstakar samskipta- og siðareglur hafa verið settar fyrir stjórn og starfsmenn sjóðsins auk verklagsreglna um hæfi lykilstarfsmanna. Hvort tveggja er birt á heimasíðu sjóðsins.

---

<sup>1</sup> T.d. ákvörðunum um viðskipti til að draga úr áhættu eða ákvörðunum um innleiðingu nýrra verkferla til að draga úr áhættu.

Stjórn sjóðsins hefur sett sér starfsreglur. Lúta þær að reglum um fjárfestingar, skipan og fyrirsvari stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvaldi, atkvæðagreiðslum, fundargerðum og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, breytingum á starfsreglum stjórnar og meðferð starfsreglna.

Settar hafa verið starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins. Þær fjalla um skipan framkvæmdastjóra, hæfi hans, starfsskyldur, verksvið, upplýsingaskyldu, stjórnarsetu og vanhæfi.

Settar hafa verið reglur um fjárfestingar er fjalla um fjárfestingarstefnu, leyfilega eignaflokka, ýmsar takmarkanir og fjárfestingarheimildir framkvæmdastjóra.

Við ráðningarferli nýrra starfsmanna er nýtt þjónusta ráðningarfyrirtækis til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja sem best að þekking og hæfileikar falli að þörfum sjóðsins.

Um rekstur upplýsingakerfa er fjallað í Öryggishandbók sjóðsins og er hún hluti af áhættustefnu hans.

### 3.3 ÁHÆTTUSKRÁ OG ÁHÆTTUDAGSKRÁ

---

Í áhættuskra í viðauka 3 er yfirlit yfir helstu áhættuflokka og mat á mikilvægi þeirra.

Í áhættudagskra í viðauka 4 er yfirlit yfir í hvaða mánuði hver áhættuflokkur er mældur. Yfirlitið sýnir lágmarksmælingar, en mögulegt er að aukaúttektir bætist við yfir árið.

### 3.4 SKÝRSLUGJÖF

---

Tryggja þarf að skýrslugjöf, sem er mikilvægur hluti af áhættustýringu sjóðsins, nái yfir alla þá áhættuflokka sem henni er ætlað að vakta, sem og að tíðni skýrslugjafar sé í samræmi við mikilvægi. Yfirlit yfir reglulegar skýrslur og innihald þeirra er í viðauka 2.

### 3.5 HLÍTINGARSKRÁ

---

Hlítingaskrá í viðauka 1 er m.a. hugsuð sem gátlisti fyrir innri endurskoðanda við athugun hans á því hvort starfsmenn sjóðsins hafi hlítt ákvæðum áhættustefnu. Jafnframt gagnast hún starfsmönnum sjóðsins, þar sem hún gefur yfirsýn yfir mikilvægustu atriðin sem þeim ber að hlíta.

## UNDIRRITUN STJÓRNAR

---

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna staðfesta hér með áhættustefnu lífeyrissjóðsins.

Reykjavík, 28. nóvember 2024

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna

\_\_\_\_\_

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



## VIÐAUKI 1: HLÍTINGASKRÁ

Framkvæmd áhættustýringar	Ákvæði áhættustefnu	Eftirlitsþættir
Úttekt og endurmat	Í framhaldi af gerð fjárfestingastefnu sjóðsins gerir framkvæmdastjóri stjórn grein fyrir helstu áhersluatriðum á sviði áhættueftirlits og áhættustýringar fyrir komandi ár og tillögur að breytingum á áhættustefnu ef þörf er á. Miðað er við að þessi umræða fari fram fyrir lok hvers árs.	Fjallaði stjórn sjóðsins um áhersluatriði á sviði áhættueftirlits fyrir lok árs?
Aðskilnaður starfa	Sjóðurinn leitast við að halda sem mestri aðgreiningu milli þeirra starfa er mæla áhættu í starfsemi sjóðsins og þeirra sem taka áhættu með ákvörðunum fyrir sjóðinn.	Er aðskilnaður í starfi í samræmi við kafla 1.7 í áhættustefnu sjóðsins?
Mikilvægi áhættustýringar	Sjóðurinn leggur áherslu á að starfsmenn hafi skilning á hlutverki sínu í heildar áhættustýringu sjóðsins og taki fullan þátt í henni. Í því samhengi þurfa allir starfsmenn, sem falla undir áhættustefnu sjóðsins, að skrifa undir yfirlýsingu um að þeir hafi lesið og skilið áhættustefnu og fjárfestingarstefnu sjóðsins.	Hafa starfsmenn undirritað yfirlýsingu ?
<b>Efni skýrsla</b>		
Viðauki 2 - efnisyfirlit fyrir skýrslur	Viðauki 2 skilgreinir hvaða áhættuþætti hver skýrsla er að mæla, hver fær skýrslur afhentar og hver vinnur þær.	Eru skýrslugjöf sjóðsins í samræmi við viðauka 2?
<b>Áhættuskra</b>		
Viðauki 3-áhættuskra	Viðauki 3 á að meta mikilvægi áhættuflokka	Er búið að meta mikilvægi áhættuflokka
<b>Dagskra áhættustýringar</b>		
Viðauki 4 - dagskra áhættustýringar	Dagskra áhættustýringar er skilgreind í viðauka 4	Var unnið eftir dagskra áhættustýringar?

## VIÐAUKI 2: YFIRLIT YFIR SKJÖL ÁHÆTTUSTÝRINGAR

	Heiti eftirlitsp./skýrslur	Áhættuflokkur	Efnisyfirlit	Afhent	Unnið af
1	Ársskýrsla	Réttindaflutningsáhætta, iðgjalda -og útstreymisáhætta, skerðingaráhætta	Í ársreikningi koma fram tölulegar upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, greiðslu lífeyris og iðgjöld, ásamt breytingum milli tímabila.	Stjórn, Framkvæmdastjóri, FME	Endurskoðanda
2	Árleg tr.fr. athugun	Skerðingaráhætta, lýðfræðileg áhætta, iðgjaldaáhætta, réttindaflutningsáhætta	Farið er yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins m.v. árslok og fjallað um þróun lífeyrisgreiðslna og iðgjalda.	Stjórn, Endurskoðunarnefnd, Framkvæmdastjóri	Tryggingastærð-fræðingur sjóðsins, framkvæmdarstjóri
3	Skýrsla innri endurskoðanda	Rekstraráhætta	Innri endurskoðandi gerir meðal annars úttekt á verkferlum sjóðsins.	Stjórn, Endurskoðunarnefnd, Framkvæmdastjóri, FME	Innri endurskoðanda
4	Fjárfestingastefna	Allir áhættuflokkar fyrir utan rekstraráhættu	Fjárfestingastefna byggir m.a. á árlegri áhættuskýrslu áhættustjóra, sbr. tölulíð 6.	Stjórn, Framkvæmdastjóri, FME	Stjórn, framkvæmdarstjóri
5	Eigið áhættumat	Allir áhættuflokkar	Farið er yfir alla áhættuflokka sbr. áhættustefnu	Stjórn, Framkvæmdastjóri	Áhættustjóra
6	Ársfjórðungslegt yfirlit markaðsáhættu	Fjárhagsleg áhætta	Yfirlit yfir alla flokka fjárhagslegrar áhættu	Áhættustjóra	Þjónustuaðila
7	Ársfjórðungslegt yfirlit áhættustjóra	Fjárhagsleg áhætta, rekstraráhætta, lausafjárahætta	Farið er yfir fjárhagslega áhættu sjóðsins	Stjórn, Framkvæmdastjóri	Áhættustjóra

## VIÐAUKI 3: ÁHÆTTUSKRÁ

MAT Á MIKILVÆGI ÁHÆTTUFLOKKA		Áhrif á trygginga- fræðilega stöðu?	Virk áhætta?	Er hægt að stýra áhættu?	MAT Á MIKILVÆGI	
Áhættuflokkur	Dæmi um sviðsmynd	1-lítil 2-miðlungs 3-mikil	1-óvirk 2-virk 3-mjög virk	1-stýranleg 2-stýranleg að hluta 3-ekki stýranleg	<p><b>Rauður:</b> Mikilvægur áhættuflokkur sem þarf að vakta</p> <p><b>Gulur:</b> Mikilvægur áhættuflokkur sem þarf að mæla reglulega</p> <p><b>Grænn:</b> Áhættuflokkur sem þarf að mæla reglulega</p>	
FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA		H/A*	H/A*	H/A*	H/A*	
Vaxta- og endurfj.áhætta	Vextir skuldabréfa halda áfram að lækka	2	2	1		
Uppgreiðsluáhætta	Stór hluti uppgreiðanlegra skuldabréfa greiðast upp	1	1	1		
Verðbreytingaáhætta	Eignir sjóðsins sveiflast um 30%	2	1/2	1		
Gjaldmiðlaáhætta	Gjaldmiðill veikist/styrkist um 30%	1/2	1/2	1		
Ósamræmisáhætta	25% verðbólguáskot	2	1/2	1		
Verðbólguáhætta	25% verðbólguáskot	2	1/2	1		
Áhætta vegna liða utan efnahagsreiknings	Afleiður sjóðsins verða verðlausar. Skuldbindingar vegna sjóða gjaldfalla.	1	1	1		
MÓTADILAÁHÆTTA						

Útlánaáhætta	Sjóðurinn verður fyrir miklum útlánatöpum	1	2	1		
Samþjöppunaráhætta	Stórir mótaðilar eða stór hópur tengdra aðila verður gjaldþrota	1	2	1		
Landsáhætta	Einstök landssvæði eru í erfiðleikum	1	2	2		
Afhendingaráhætta/ Uppgjörsáhætta	Mótaðilar viðskipta og útvistunaraðilar afhenda ekki bréf eða fjármuni	1	2	1		
<b>LÍFEYRISTRYGGINGAÁ HÆTTA</b>						
Skerðingaráhætta	Sjóðurinn þarf að skerða réttindi um 10%	3	2	2		
Iðgjaldaáhætta	Iðgjöld dragast saman um 50%	1/2	2	3		
Umhverfisáhætta	Atvinnuleysi hækkar í 15% og hagvöxtur er neikvæður	2	2	3		
Lýðfræðileg áhætta	Örorkutíðni vex mikið hjá sjóðfélögum og lífaldur lengist	3	2	2-3		
Réttindaflutningsáhætta	Sjóðfélagar flytja réttindi sín	1	1	3		
<b>LAUSAFJÁRÁHÆTTA</b>						
Seljanleikaáhætta	Innlendar eignir verða óseljanlegar og stór hluti	2	2	2		

	erlendra eigna jafnframt illseljanlegar					
Útstreymisáhætta	Sjóðfélagar flytja réttindi úr sjóðnum eða hefja töku lífeyris fyrr en áætlað var eða eignir bera ekki nauðsynlegt greiðsluflæði	2	2	2		
<b>REKSTRARÁHÆTTA</b>						
Starfsmannaáhætta	Lykilstarfsmenn hætta hjá sjóðnum	1	2	2		
Áhætta vegna svika	Starfsmaður kemur undan eignum sjóðsins	2	2	2		
Áhætta vegna upplýsingartækni	Kerfi gefa rangar upplýsingar um stöðu sjóðsins	1	2	2		
Orðsporsáhætta	Sjóðurinn fær mjög neikvæða umfjöllun	1	2	2		
Pólítísk áhætta, lög og reglur	Ný lög veikja tryggingafr. Stöðu verulega	2-3	2	3		
Skjalaáhætta	Skilmálar rangir eða ófullnægjandi, brot á lögum eða reglugerðum, málarekstur ófullnægjandi	1	2	2		
Úrskurðaráhætta lífeyris	Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum	1	1	1		

Áhætta vegna útvistunar	Útvistunaraðili brýtur samninga	1	1-2	2		
Upplýsingaáhætta	Sjóðfélagar fá röng yfirlit	1	1	2		

- H=hlutfallsdeild, A=aldursdeild.

## VIÐAUKI 4: DAGSKRÁ ÁHÆTTUSTÝRINGAR<sup>2</sup>

2.3	FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA (MARKAÐSÁHÆTTA)	JAN	FEB	MARS	APR	MAI	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGÚST	SEPT	OKT	NÓV	DES
2.3.1	Vaxta- og endurfjárfestingaáhætta		6, 7			6, 7	5		6, 7			4, 6, 7	
2.3.2	Uppgreiðsluáhætta		6, 7			6, 7	5		6, 7			4, 6, 7	
2.3.3	Verðbreytingaáhætta		6, 7			6, 7	5		6, 7			4, 6, 7	
2.3.4	Gjaldmiðlaáhætta		6, 7			6, 7	5		6, 7			4, 6, 7	
2.3.5	Hætta á ósamræmi		6, 7			6, 7	5		6, 7			4, 6, 7	
2.3.6	Verðbólguáhætta		6, 7			6, 7	5		6, 7			4, 6, 7	
2.3.7	Áhætta vegna eigna utan efnahagsreikning		6, 7			6, 7	5		6, 7			4, 6, 7	
<b>2.2 MÓTAÐILAÁHÆTTA</b>													
2.2.1	Útlánaáhætta / mótaðilaáhætta						5					4	
2.2.2	Samþjöppunaráhætta						5					4	
2.2.3	Landsáhætta						5					4	
2.2.4	Afhendingar- og uppgjörsáhætta						5					4	
<b>2.1 LÍFEYRISTRYGGINARÁHÆTTA</b>													
2.1.1	Skerðingaráhætta			1,2			5					4	
2.1.2	Iðgjaldaáhætta			1,2			5					4	
2.1.3	Umhverfisáhætta						5					4	
2.1.4	Lýðfræðileg áhætta			2			5					4	
2.1.5	Réttindaflutningsáhætta			1,2			5					4	
<b>LAUSAFJÁRÁHÆTTA</b>													
2.1.6	Seljanleikaáhætta / lausafjárahætta		7			7	5		7			7, 4	
2.1.6	Ústremisáhætta			1			5					4	
<b>2.4 REKSTRARÁHÆTTA</b>													

<sup>2</sup> Ath. að númer í töflu vísa til skýrslunúmera í viðauka 2. Einstaka skýrslur geta hliðrast til milli mánaða

2.4.1	Starfsmannaáhætta		7		3	7	5		7			7	
2.4.2	Áhætta vegna svika		7		3	7	5		7			7	
2.4.3	Áhætta vegna upplýsingartækni		7		3	7	5		7			7	
2.4.4	Orðsporsáhætta		7		3	7	5		7			7	
2.4.5	Pólitísk áhætta, lög og reglur		7		3	7	5		7			7	
2.4.5	Skjalaáhætta		7		3	7	5		7			7	
2.4.7	Áhætta vegna útvistunar		7		3	7	5		7			7	
2.4.8	Upplýsingaráhætta		7		3	7	5		7			7	



## VIÐAUKI 5: REGLUR OG VERKFERLAR

---

Eftirfarandi er listi yfir lög, reglugerðir og tilmæli sem sjóðurinn starfar eftir:

- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sem og reglugerð nr. 687/2001 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða og reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Lög nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa.
- Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Lög nr. 37/1993 Stjórnsýslulög.
- Lög nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga.
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga.
- Lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
- Lög nr. 44/2005 Samkeppnislög.
- Lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- Reglugerð nr. 397/2010 um beitingu dagsekta og févítis í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
- Reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluáðila séreignasparnaða.
- Reglugerð nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.
- Reglugerð nr. 1420/2020 um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla með tilliti til aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Reglugerð nr. 562/2001 um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.
- Reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.
- Reglur nr. 685/2001 um endurskoðun lífeyrissjóða.
- Reglur nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða.

- Leiðbeinandi tilmæli FME nr 1/2019 um áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2003 um túlkun og framkvæmd reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2013 um áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2012 um framkvæmd reglna nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.
- Reglugerð nr. 545/2019 um áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka.
- Reglugerð nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

## VERKFERILL – EIGIÐ ÁHÆTTUMAT

---

### 3.6 MARKMIÐ MEÐ EIGIN ÁHÆTTUMATI

---

Með eigin áhættumati eru allir helstu áhættuþættir sjóðsins rýndir með skipulegum hætti þar sem áhersla er lögð á framsýnt mat áhættuþátta. Tvö megin markmið áhættumatsins eru í fyrsta lagi að gera stjórn sjóðsins kleift að rýna fjárfestinga- og áhættustefnu sjóðsins í samhengi við áhættusnið hans og hvernig áhættutaka fellur að skuldbindingum sjóðsins og í öðru lagi að styðja við reglulega starfsemi sjóðsins, þ.m.t. gerð og endurskoðun fjárfestinga- og áhættustefnu hans.

### 3.7 UMFANG

---

Fjallað er um alla helstu áhættuþætti og samspil þeirra í rekstri sjóðsins og hvernig áhættutaka fellur að skuldbindingum hans. Áhrif einstakra áhættuþátta eru metin og fjallað um líkindi þess að hættan raungerist og áhrifum á eignir og skuldbindingar lífeyrissjóðsins.

Þar sem sjóðurinn reiðir sig á aðgerðir stjórnenda og starfsmanna við mildun áhættu er framkvæmd sviðsmyndagreining á áhrifum slíkra aðgerða, en annars eru gerð álagspróf, næmigreiningar og athuganir á viðnámsþrótti eftir því sem við á.

Farið er yfir forsendur tryggingafræðilegrar stöðu og þætti sem hafa áhrif á breytingar á henni á milli ára.

Fjallað er um aðgerðir sem lífeyrissjóður grípur til ef áhætta raungerist.

### 3.8 FORSENDUR

---

Eigið áhættumat byggir á eftirfarandi gögnum

- **Fjárfestingastefnu sjóðsins** – Fjárfestingastefna sjóðsins er hluti áhættustefnu, en þar er m.a. skilgreindur áhættuvilji og áhættuþol sjóðsins, auk þess sem farið er yfir alla áhættuþætti. Fjárfestingastefna er gerð árlega og til grundvallar er lögð gildandi stefna.
- **Skýrslu tryggingastærðfræðings** – Í skýrslu tryggingastærðfræðings er m.a. farið yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og lýðfræðilega eiginleika sjóðsfélaga. Skýrsla tryggingafræðings er gerð árlega og til grundvallar er lögð síðasta skýrsla.
- **Álagsprófi tryggingastærðfræðings** – Í álagsprófi tryggingastærðfræðings er kannað þol sjóðsins gagnavart nokkrum helstu áhættuþáttum, þ.m.t. gagnvart mikilvægustu áhættuþáttum er varða skuldbindingar sjóðsins. Álagspróf tryggingastærðfræðings er gert árlega samkvæmt gildandi reglugerð og byggt er á síðasta prófi.
- **Yfirliti fjárhagslegrar áhættu** – Yfirlit fjárhagslegrar áhættu er gert ársfjórðungslega, en þar koma fram sviðsmyndir, hermanir, álagspróf og mat á fylgni áhættuþátta er snúa að fjárhagslegri áhættu. Byggt er á yfirliti fjárhagslegrar áhættu m.v. síðustu áramót.
- **Skýrslu innri endurskoðanda** – Í skýrslu innri endurskoðanda er m.a. farið yfir helstu atriði er snúa að rekstraráhættu. Skýrsla innri endurskoðanda er gerð árlega og byggt er á síðustu skýrslu.

Í ofangreindum gögnum koma fram, eftir því sem við á, upplýsingar um forsendur, gögn og lýsing á framkvæmd og er vísað til þeirra og fylgiskjala varðandi einstök atriði.

### 3.9 ÁBYRGÐ Á FRAMKVÆMD

Áhættustjóri ber ábyrgð á framkvæmd eigin áhættumats og vinnslu skýrslu um niðurstöður.


### 3.10 FRAMKVÆMD

Áhættustjóri ber ábyrgð á framkvæmd eigin áhættumats, en getur eftir atvikum leitað til annarra aðila innan og utan sjóðsins við framkvæmd mats á einstökum áhættuþáttum. Niðurstaðan er tekin saman í skýrslu um eigið áhættumat og er rýnd af framkvæmdastjóra áður en hún er lögð fyrir stjórn sjóðsins eigi síðar en við lok júní ár hvert.

Efnisþættir (kaflar) skýrslu um eigið áhættumat eru staðlaðir er að finna í viðauka Eigin áhættumats, til að tryggja sé að fjallað sé um alla mikilvægustu áhættuþætti í starfsemi sjóðsins.

Um framkvæmd mats á einstökum áhættuþáttum er vísað til lýsinga í fylgiskjölum, en tíðni mælinga kemur fram í viðauka II við gildandi áhættustefnu.

Að lokinni umfjöllun stjórnar er gengið frá lokakafla skýrslunnar (Rýni stjórnar á ferli við eigið áhættumat).



### 3.11 UMFJÖLLUN

Stjórn fjallar um skýrslu um eigið áhættumat, ræðir niðurstöður á gagnrýninn hátt og rýnir hvort áhættustefna og fjárfestingastefna séu viðeigandi. Að lokinni umfjöllun stjórnar er gengið frá endanlegri skýrslu og hún send til FME, sem skal gera fyrir lok júní ár hvert.

# Undirritunarsíða

Ástríður Hjördísar Gísladóttir

Varaformaður stjórnar  
Erla Hrönn Aðalgeirsdóttir

Jón Fannar Guðmundsson

Formaður stjórnar  
Sigurður Kári Tryggvason

Sindri Reynisson

Steinunn Anna Hannesdóttir

Framkvæmdastjóri  
Tryggvi Tryggvason